

# STJÓRNARTÍÐINDI A 15 — 1972

---

Nr. 91.

230

14. september 1972.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka leigunámi  
tvö hvalveiðiskip hf. Hvals.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að ríkisstjórnin telji nauðsynlegt að efla Landhelgisgæzluna að skipakosti við núverandi aðstæður um óákveðinn tíma og telur, að hentugustu skip, sem völ er á í landinu til þessara starfa, séu hvalveiðiskip hf. Hvals á Miðsandi og beri því brýna nauðsyn til, að heimild fái til að taka tvö hvalveiðiskip leigunámi í framangreindu skyni.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

#### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu um ótiltekinn tíma 1 eða 2 hvalveiðiskip hf. Hvals á Miðsandi til notkunar fyrir Landhelgisgæzluna, enda komi fullt endurgjald fyrir afnotin eftir mati dómkvaddra manna, samkvæmt ákvæðum laga nr. 67 1917, um framkvæmd eignarnáms.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. september 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*